

## Aðalfundur LSG 31. maí 2023

Fundarstjóri: Jakob Falur Garðarsson

### 1. Skýrsla stjórnar

Ingvi Stígsson, formaður LSG, flutti skýrslu stjórnar LSG.

### 2. Lagður fram endurskoðaður ársreikningur

Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri LSG, flutti skýrslu gjaldkera. Ársreikningur er fyrir árið 2022, 1.1. - 31.12. Tekjur voru samtals kr. 232.117 fyrir árið 2022. Gjöld voru kr. 100.251 fyrir árið 2022. Höfuðstóll eftir árið 2022 er kr. 1.969.316. Sjá viðauka.

Umræður um skýrslu stjórnar:

Rætt um hvort hægt sé að felli niður fasteignagjöld á hús sem eru lítið notuð. Beint til stjórnar að skoða þetta. Stjórnin taki upp viðræður við bæjarfélagið tengt fasteignargjöldum og sorphirðugjöldum.

Helgi Þorvarðarson nefndi sem dæmi að sumar jarðar borgi lóðarskatt, t.d. Neðri Miðvík en aðrar jarðir borgi ekkert, jafnvel með húsum.

Skýrsla stjórnar og reikningar fyrir árið 2022 voru samþykktir samhljóða.

### 3. Lagabreytingar

Laganefnd var skipuð af; Jakob Falar Garðarsson, Finnbjörn A. Hermannsson og Erling Ásgeirsson. Lögin eru á vefnum; [www.hornstrandir.is](http://www.hornstrandir.is). Engar lagabreytingartillögur voru settar fram á fundinum.

### 4. Stjórnarkjör

Formaður, stjórnarmaður og einn varamaður voru kosin til tveggja ára árið 2021 og því var kosið um þessi embætti: Ingvi Stígsson sem formaður, Gunnar H. Kristjánsson í stjórn sem ritari og Sigrún Þorvarðsdóttir sem varamaður í stjórn.

Þau bjóða sig áfram fram í ofangreind embætti 2023 til tveggja ára.

Voru þau samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

Varaformaður, tveir stjórnarmenn og einn varamaður voru kosin til tveggja ára 2022 og sitja því áfram en þetta eru: Sölvi Rúnar Sólbergsson sem varaformaður, Margrét Katrín Guðnadóttir í stjórn sem gjaldkeri, Finnbjörn A. Hermannsson sem stjórnarmaður og Jósef Vernharðsson sem varamaður í stjórn.

5. *Kjör tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara*

Jónína Vala Kristinsdóttir og Unnur Friðriksdóttir voru kosnar áfram 2023 sem skoðunarmenn reikninga til tveggja ára. Þær óska eftir því að fá senda reikninga með að lágmarki viku fyrirvara. Skoðunarmenn til vara eru Jakob Falur Garðarsson og Sveinn Smáráson.

6. *Tekin ákvörðun um árgjald félagsins*

Tillaga kom um óbreytt árgjald kr. 1200.

Samþykkt samhljóða að halda árgjaldinu óbreyttu kr. 1200. Krafa verður stofnuð í heimabanka félagsmanna og því bætist við kostnaður vegna bankainnheimtu, u.þ.b. 300 kr. Samþykkt einróma.

7. *Önnur mál:*

Ingvi Stígsson óskaði eftir ábendingum um það sem betur mætti fara í friðlandinu.

Ólöf í Ólafshúsi Látrum ræddi um hvort setja ætti merkingar við húsin og jafnvel mynd. Mögulega væri hægt að sækja um þetta í sjóð.

Einnig var hugmynd um loftmynd af svæðinu sem sýndi húsin og nöfn á þeim.

Rætt um sjóhvíar sem rekur upp í fjöru og að þeir sem eigi þær eiggi ekki að fjarlægja þær. Mengun er af þessu. Rætt um sjóhví sem rak frá Önundarfirði.

Alls sátu 21 manns fundinn, þar með taldir stjórnarmenn. Staðfesting fundargesta á setu sinni á Aðalfundi 2023 er í viðauka.

Fundi slitið kl. 20:45.

Gunnars H. Kristjánssonar, ritari LSG

**Stjórn LSG**

Ingvi Stígsson

Sölvi Rúnar Sólbergsson

Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

Gunnar H. Kristjánsson

Margrét Katrín Guðnadóttir

Horni, formaður

Hesteyri, varaformaður

Sæbóli og Efri Miðvík, meðstjórnandi

Látrum, ritari

Fljótavík, Gjaldkeri

Varamenn:

Jósef Vernharðsson

Sigrún Þorvarðsdóttir

Fljótavík

Látrum og Neðri-Miðvík

# Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps 31. maí 2023

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið

31. maí 2022 til 31. maí 2023.

# 1. Aðalfundur LSG haldinn 31. maí 2022

Á aðalfundi 2021 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa til tveggja ára og eru lok kjörtímabilsins:

- Ingvi Stígsson, formaður, Horni
- Gunnar Kristjánsson, ritari, Látrum
- Sigrún Þorvarðsdóttir, varmaður, Látrum og Neðri-Miðvík

Á aðalfundi 2022 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa til tveggja ára:

- Sölvi Rúnar Sólbergsson, varaformaður, Hesteyri
- Margrét Guðnadóttir, gjaldkeri, Fljótavík
- Finnbjörn Hermannsson, meðstjórnandi, Sæbóli og Efri-Miðvík
- Jósef H. Vernharðsson, varamaður, Fljótavík

Skoðunarmenn reikninga voru kosin til tveggja ára 2021:

- Jónína Vala Kristinsdóttir, Sæbóli Aðalvík
- Unnur Friðriksdóttir, Látrum Aðalvík

Til vara

- Sveinn Smáráson, Þverdal
- Jakob Falur Garðarsson, Kvíum

Verkaskipting stjórnar helst óbreytt.

## 2. Stjórnarfundir

Stjórnin hélt 1 stjórnarfund á tímabilinu á fjarfundarsniði.

Á fundi 13. desember var farið yfir fund Hornstrandanefndar, aðalskipulag og stöðuna í þjóðlendumálum.

## 3. Hornstrandanefnd

Í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins, Hornstrandanefnd, sátu á tímabilinu sem fulltrúar LSG Ingvi Stígsson, Sölvi Sólbergsson og Margrét Katrín Guðnadóttir. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar voru Andrea Sigrún Harðardóttir og Gauti Geirsson. Fulltrúi Umhverfisstofnunar var Kristín Ósk Jónasdóttir, umsjónarmaður friðlandsins.

2 fundir voru haldnir í Hornstrandanefnd á tímabilinu.

Á fundi 13. desember var farið yfir sumarið 2022. Fjöldi göngumanna hélt áfram að aukast og voru viðraðar nokkrar áhyggjur. Um 7.500 gestir eru taldir hafa heimsótt svæðið, þar af 1.900 göngumenn sem dvöldust að meðaltali 4,3 daga á svæðinu. Tímabilið hefur lengst frá sem áður var og hefst nú í upphafi júní og varir fram í september.

Ástand svæðisins er talið almennt gott, en það eru nokkrir staðir sem þarf að fygjast með. Tjaldsvæðið í Höfn í Hornvík var með met toppa seinni partinn í júlí og voru þegar mest var um 100 gestir.

Helstu framkvæmdir voru

- Göngustígaviðgerðir í og við Hornvík
- Lagfæringar á göngustíg í Veiðleysufjarðarbotni
- Gert klárt fyrir viðgerð á brúnni yfir Skorará í Hrafnfirði

Umhverfisstofnun hefur eignast Búðina á Hesteyri og var unnið að aðlögun á húsinu. Innréttuð voru 3 salerni fyrir almenning og sett upp aðstaða fyrir landvörð.

Unnið var að því að gera verslunarhluta búðarinnar aðgengilegan fyrir almenning.

Sótt var um fjármagn til framkvæmda í innviðasjóð.

Myndefni fyrir gestastofu var aukið og verður það notað í eldhúsatriðið og í sýndarveruleikagleraugun.

Unnið var að hönnun á nýrri brú yfir ána við Hesteyri sem og bryggju. Fulltrúar landeigenda lögðu áherslu að ýtt yrði á aðalskipulagsvinnu í því samhengi.

Innan friðlands verður fólk reglulega vart við mink og sást m.a. í Höfn í Hornvík í sumar. Skoða þarf hvaða gildirur eru öruggar gagnvart tófunni.

Á fundi 30. maí 2023 var farið yfir verkefni komandi sumars.

- Viðgerð á brú yfir Skorará
- Göngustígar í Hornvík og Veiðleysufirði
- Endurhleðsla varða frá Skálkambi í Atlaskarð og hugsanlega Tunguheiði
- Lagfæringar á Búðinni á Hesteyri
- Bryggjan á Hesteyri

Ný verkefni sem eru háð úthlutun úr landsáætlun um uppbyggingu innviða

- Brú yfir Staðará í Aðalvík í samstarfi við Áttthagafélög Sléttuhrepps
- Bætt aðstaða á tjaldstæðum í Höfn og Hlöðuvík, áningarborð, nýr kamar í Hlöðuvík og pallur við salernishús í Hornvík
- Lagfæring á gönguleið um Kjaransvíkurskarð

Starfsmenn sumarsins verða mikið til þeir sömu og undanfarin ár. Vésteinn, Pernilla, Lydía, Jón Björnsson og Hjörleifur. Á gestatofu verður Sveinbjörn Orri Heimisson

Óskir um fund Hornstrandanefndar með Ísafjarðarbæ vegna aðalskipulags hafa verið ítrekaðar.

Vinna þarf að nýrri aðgerðaráætlun fyrir svæðið fyrir 2024-2029

## 4. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar gildi til 2020. Vinna við endurskoðun á því hófst seint og gengur hægt. Búið var að halda fjarfundi 2020 fyrir Hesteyri, Sæból og Látra þar sem landeigendum var boðið að mæta.

Síðan þá hefur ekkert lítið gerst og ljóst er að endurskoðunin er talsvert á eftir áætlun. Skv. upplýsingum er verið að reyna að semja um aðkomu annarrar stofu að aðalskipulaginu.

## 5. Þjóðlendar

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins lagði fram kröfur um þjóðlendar haust 2020. Kröfurnar eru víðfemar og þó á fundum hjá LSG hafi verið bent á að þær gætu orðið meiri en á fyrri svæðum þá fóru þær fram úr öllu sem búist var við. Þrennt vinnur gegn svæðinu:

- Ný lögmansstofa, sem er e.t.v. að finna svolítið upp hjólið að nýju
- Bruni skjalasafns sýslumannsins á Ísafirði 1924, en 29. febrúar það ár brann fangahúsið á Ísafirði og með því skjalageymsla sýslumanns og bæjarstjórnar
- Sléttuhreppur varð mannlaus 1952 og engin sveitarstjórn starfandi eftir það

Undantekningar eru ríkið í tilfellið Staðar í Aðalvík, Hlöðuvíkur, Hælavíkur og Látravíkur og landeigendur í Skáladal.

Flestir landeigendur hafa gert gagnkröfur. Við aðalmeðferð í september og október var eitthvað dregið úr kröfum ríkisins, en minna en vonir stóðu til. Ríkið uppfærði kröfur sínar í janúar og mars. Vonir standa til að það klárast að kveða upp úrskurð fyrir sumarfrí í lok í júní.

## 6. Stjórnunar- og verndaráætlun

Eins og áður sagði er komið að nýrri aðgerðaáætlun fyrir stjórnunar- og verndaráætlunina. Mörgum verkefnum úr aðgerðaáætlun 2019-2023 er lokið. Til dæmis þjónustuhús fyrir landvörð á Hesteyri, viðhald á vörðum stendur yfir og lagfæringar á stígum. Utan aðgerðaáætlunar hafa komið verkefni eins og brú yfir Staðará.

Ég hvet þá sem verða á ferðinni í sumar að hafa augun opin og koma með ábendingar um það sem betur má fara og ástæða sé til að koma í næstu aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2029.

Þyrla lenti í Fljótavík í júlí 2020, utan flugvallar. Umhverfisstofnun kærði landinguna og voru flugmennirnir sýknaðir í Héraðsdómi maí 2021. Landsréttur sneri við dómnum í febrúar 2022. Hæstiréttur staðfesti dóm Landsréttar í desember 2022.

# Fylgiskjöl

## Fundargerðir stjórnarfundar Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps

Sjá [https://hornstrandir.is/landeigendafelag\\_slettu-og\\_grunnavikurhrepps/fundargerdir\\_stjornarfunda/](https://hornstrandir.is/landeigendafelag_slettu-og_grunnavikurhrepps/fundargerdir_stjornarfunda/)

## Fundargerðir Hornstrandanefndar

Sjá <http://www.umhverfisstofnun.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vefdir/hornstrandir/hornstrandanefnd/>

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps  
Rekstrarreikningur  
1.1.2022-31.12.2022

**Tekjur**

Árgjald og innheimtugjöld	190.200 kr.
Vaxtatekjur	41.917 kr.
<b>Tekjur samtals</b>	<b>232.117 kr.</b>

**Gjöld**

Vefur	11.212 kr.
Fundarkostnaður	53.357 kr.
Þjónustugjöld og póstkostnaður	26.460 kr.
Fjármagnstekjuskattur	9.222 kr.
<b>Gjöld samtals</b>	<b>100.251 kr.</b>

**Rekstrarafgangur 131.867 kr.**

**Efnahagsreikningur  
31.12.2022**

**Eignir**

Áttahagafélag Sléttuhrepps í Reykjavík	4.569 kr.
Áttahagafélag Sléttuhrepps á Ísafirði	4.569 kr.
Grunnvíkingafélagið á Ísafirði	4.569 kr.
Veltureikningur	434.999 kr.
Vaxtareikningur	1.547.544 kr.
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.996.249 kr.</b>

**Skuldir og eigið fé**

Skuldir	- kr.
Eigið fé	1.996.249 kr.
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.996.249 kr.</b>

**Höfuðstóll**

Höfustóll 1.1.2022	1.837.449 kr.
Rekstrarafgangur	131.867 kr.
<b>Höfustóll 31.12.2022</b>	<b>1.969.316 kr.</b>

Reykjavík, 31.05 2023

Við höfum athugað reikningana og gerum ekki athugasemdir

Jónína Vala Kristinsdóttir  
Jónína Vala Kristinsdótti, skoðunarmaður reikninga

Margrét Katrín Guðnadóttir  
Margrét Katrín Guðnadóttir, gjaldkeri

Unnur Friðriksdóttir  
Unnur Friðriksdóttir, skoðunarmaður reikninga

Ingvi Stígsson  
Ingvi Stígsson, formaður



Stofullundur 256 31. maí 2023

Jósef H. Ventrasson

Helgi Þorvarðsson

Sigrún Þorvarðsdóttir

Hilmar R. Þórhásson

Matthildur G. Guðmundsd.

Jón H. Jónsson

Sigrún Tálpuðsdóttir

Jón H. Vilejja Lásson

Steinn Þráinn Jóhannsson

Guðni Oddgeirsson

Birna Jóhannsd.

Þórunn Þórunn

Þórunn Þórunn

Ólafur Þórunn

Ólaf Þórunn Þórunn

Magnú Þórunn

Jón H. Þórunn

Margrét Katrín Þórunn

Sófi R. Þórunn

Frjá Stígsson

Jakob Þórunn